



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2013-2014 1. mars 7. bréf

Frá skólastjóra

Þegar þið lesið þetta fréttabréf verður árshátíðinni nýlukið. Árshátíðin er einn stærsti viðburður skólaársins og mikið lagt í hana. Svo hefur verið svo lengi sem ég man eftir í Sýðuskóla eða frá árinu 1990. Áður en við fengum salinn voru sýningarnar haldnar í tveimur kennslustofum þar sem sett var upp svið og leikið þar og sungið eins og enginn væri morgundagurinn. Þetta er tíunda árshátíðin sem við erum í salnum þannig að nemendur muna ekki hvernig þetta var áður þó margir foreldrar muni það. Ekki síst þeir sem voru hér nemendur.



Stundum hefur því verið velt upp hvort við eigum að breyta árshátíðinni og hafa hana ekki svona stóra í sniðum með sýningum, kaffisölu fyrir foreldra og dansleikjum fyrir nemendur. Vinnan er mikil en skemmtileg og gefandi þannig að miklar breytingar hafa ekki fengið hljómgrunn. Árshátíðin er í rauninni eitt af því sem er sérstaða Sýðuskóla eins og umhverfisstefnan eða sérdeildin svo eitthvað sé nefnt.

SMT skólafærni

Þann 11. mars verður 15.000 miða hátíðin en ávallt er haldið upp á það með pompi og prakt þegar svo margir hrósmiðar hafa safnast í öllum skólanum. Í ár hafa safnast rúmlega fimmtán þúsund miðar og munu þeir sem eru umfram fimmtán þúsundin flytjast yfir á næsta ár. Við eigum von á frábærum skemmtikröftum af þessu tilefni og munum gera okkur glaðan dag á sal.

Fréttabréf Sýðuskóla er sent í tölvupósti til nemenda, forráðamanna og starfsmanna skólans.

Helstu viðburðir í mars

5.—7. mars	Vetrarfrí - Kátaloft opið
11. mars	15.000 miða hátíðin
12. mars	Skólahreysti
14. mars	Íþróttakeppni nemenda og kennara
21. mars	Furðufatadagur
26. mars	Útivistardagur

Þekking, leikni og hæfni



Í nýafstöðnu frammistöðumati komu fram ýmis ný hugtök sem við þurfum öll að reyna að tileinka okkur og skilja merkingu þeirra. Í þessu bréfi og þeim næstu munum við fjalla um þau.

Eitt meginmarkmið náms í grunn-skóla, frá upphafi skólagöngu til loka hans, er alhliða þroski og almenn menntun einstaklingsins. Sérhver nemandi þarf strax á unga aldri að búa sig undir að menntun er æviverk. Með því að skilgreina þá **hæfni**, sem að er stefnt frá upphafi skólagöngu, er lagður grunnur að heildstæðri almennri menntun. Hæfni snýr því að nemandanum sjálfum og er nemendamiðuð útfærsla á grunnþáttum og áhersluþáttum.

Í grunnskóla er hæfni nemenda útfærð innan hvers námssviðs og námsgreinar og sem hæfniviðmið í mati við lok grunnskóla. Grunnskólar útfæra sjálfir hvernig hæfniþáttunum eru gerð skil í skólastarfi en vinnulag þarf að skýra í skólanámskrá og er sú vinna í gangi. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Ábyrgðarmaður: Ólafur B. Thoroddsen

15 atriði sem þú ættir að hætta

1. Efast um sjálfa/n þig.
2. Neikvæð hugsun.
3. Hræðsla við mistök.
4. Neikvæð samskipti.
5. Bakтал/slúður.
6. Að gagnrýna sjálfa/n þig og aðra.
7. Reiði.
8. Að borða til að bæta líðan þína.
9. Leti.
10. Neikvætt sjálfstal.
11. Frestun.
12. Hræðsla við velgengni.
13. Allt óhóf.
14. Að geðjast öðrum.
15. Láta þarfir annarra ganga fyrir þínum þörfum.

Segðu við sjálfa/n þig:

Þú átt skilið að vera elskuð/elskaður. Lifðu í núinu.

Þetta mun ganga yfir.

Þú getur verið þú sjálf/ur.

Það besta á eftir að koma.

Þú ert sterk/ur.

Þú getur það sem þú vilt.

Þetta mun allt fara vel.

Allt mun breytast til batnaðar.

Þú átt allt gott skilið.

Við trúum því sem við segjum við okkur sjálf!

Úr skólalífinu



SKÓLAHREYSTI

Þessi öflugí hópur hefur æft af kappi síðan í haust að undirbúningi fyrir þátttöku í skólahreysti undir stjórn íþróttakennara skólans. Nú fer að nálgast úrslitastund því miðvikudaginn 12. mars fer fram undankeppni á milli skólanna á Akureyri. Keppnin verður í íþróttahöllinni og hefst kl. 13.00. Við óskum okkar liði að sjálfsögðu alls hins besta en Síðuskóli vann keppnina hér norðan heiða í fyrra.

Á myndinni (f.v.) má sjá þau:

Sigurð, Hrannar Inga, Svavar, Melkorku og Hörpu. Ingu Sævarsdóttur vantar á myndina.

Helga Dögg, umsjónarkennari 7.bekk skrifar:

Tæknin heillar

Á dögnum gaf foreldrafélag skólans nokkrar spjaldtölvur til notkunar í sérkennslu. Okkur í 7.bekk langaði til að kíkja á gripina og notuðum við eina kennslustund í það. Ljóst var að tæknin vakti mikla gleði og spenning. Nemendur velta fyrir sér hvort þetta sé það sem koma skal jafnhliða hefðbundinni kennslu. Vel til fundið hjá foreldrafélaginu að færa skólanum þessa gjöf og vonandi tekst að fjármagna fleiri spjaldtölvur til að gefa skólanum.





SKÓLAÍÞRÓTTIR

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Með áherslu á daglega hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun, er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar. Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Tekið er mið af þessu í íþróttakennslu og öllu öðru skólastarfi. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011)

Í Síðuskóla starfa þrír öflugir og samhentir íþróttakennarar. Það eru þau **Elvar Smári Sævarsson, Rainer Jessen og Veronika Lagun**.

Elvar er íþróttافرæðingur að mennt og lýkur meistaraþrófið í vor. Hann hefur kennt við Síðuskóla í fjögur ár.

Veronika er grunnskólakennari með þjálfararéttindi í skíðaskotfimi og fitness. Hún er á fjórða starfsári sínu í Síðuskóla.



Rainer nam í Köln (Þýskalandi) og útskrifaðist þar sem sérkennari og íþróttakennari. Hann hefur starfað sem kennari frá 1989, í Þýskalandi í sérskóla í 2 ár, á Akureyri 4 ár í sérskóla (Hvammshlíðarskóla) og síðan 19 ár í Síðuskóla, ýmist við sérkennslu, sem umsjónarkennari og s.l. tíu ár sem íþróttakennari.



Skólaíþróttir eru mikilvæg námsgrein til að skapa börnum og ungmennum aðstæður til heilbrigðra lífshátta, efla færni þeirra í samskiptum, auka þrek, byggja upp sjálfsmynd, styrkja ákvarðanatöku, kenna markmiðasetningu og streitustjórnun. Aukin sundfærni styrkir sjálfsmynd og eykur sjálfsöryggi einstaklingsins. Sund er góð leið til heilsubótar enda er aðgengi að góðri sundaðstöðu almennt afar gott hér á landi. Hreinlæti, líkamlega umhirðu, fræðslu um kynímyndir og staðalmyndir og umræðu um einelti og annað ofbeldi er auðvelt að tengja þessari kennslu. (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011)

Úr skólalífinu

Fréttir úr 6. bekk

Það má segja að námsþáttunum hlustun, áhorfi og framsögn hafi verið vel sinnt í 6. bekk síðustu viku.



Krakkarnir kynntu einnig landafræðiverkefni um Norðurlöndin sem unnið var að síðastliðnar vikur.



Síðastliðinn föstudag fengu 6. bekkingar góða heimsókn frá Dórótheu Jónsdóttur og Agli Snæ Þorsteinssyni sem bæði eru foreldrar í bekknum.

Heimsóknin var liður í starfsfræðslu sem námsráðgjafi skipulegur fyrir þennan árgang. Dóróthea er tölvunarfræðingur og vinnur á FSA og Egill er viðskipta-fræðingur og vinnur í Arion banka. Bæði höfðu þau frá mörgu skemmtilegu að segja í sambandi við starfið sitt og gerðu góða grein fyrir hvers konar nám liggur að baki störfunum þeirra. Krakkarnir hlustuðu áhugasöm og voru margs vísari að heimsókn lokinni. Við þökkum þeim Agli og Dóru kærlega fyrir að gefa sér tíma til að heimsækja okkur.

100 miða leikurinn - Heimsókn á Kaffi kú í Eyjafjarðarsveit



Í aðdraganda árshátíðar—Allir leggja hönd á plóginn við undirbúning



Staðreyndir um svefn:

- Unglingar þurfa að sofa í 9-10 tíma á hverri nóttu en rannsóknir sýna að unglingar sofa að meðaltali um 7-7 1/2 tíma á nóttu.
- Nokkur atriði sem hafa slæm áhrif á svefn: koffíndrykkja (t.d. gos og íþróttadrykkir), mikið sjónvarpsáhorf og lítil hreyfing.
- Nokkur atriði sem hafa góð áhrif á svefn: líkamleg áreynsla, reglulegur háttatími, myrkur í herbergi og rétt hitastig.

Sef ég nóg?

Jafnvel þó þér finnist þú sofa nóg, er það alls ekki víst. Hér koma nokkur merki um það að þú þurfir meiri svefn:

- þér finnst erfitt að vakna á morgnana
- þú átt erfitt með að einbeita þér yfir daginn
- þú ert við það að sofna í skólanum
- þú finnur fyrir skapsveiflum og/eða dapurleika



MATSEÐILL – mars 2014



3. Fiskibollur, kartöflur, steiktur laukur, ávextir	4. Hakkað buff, kartöflur, rauðkál, sósa	5. Öskudagur. Matur aðeins í frístund	6. Vetrarfrí - Matur aðeins í frístund	7. Vetrarfrí - Matur aðeins í frístund
10. Fiskur í karrýkókos, kartöflur, grænmeti, laukur, ávextir	11. Slátur, kartöflumús, ávextir	12. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	13. Grænmetisbollur, jógurtsósa, ávextir	14. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
17. Soðnar kjötbollur, kartöflur, hvítkál, gulrætur, feiti	18. Pítsafiskur, kartöflur, grænmeti, ávextir	19. Lambagúllas í súrsætri sósu, hrísgrjón, snittubrauð	20. Gratineraður fiskur í ostasósu, grænmeti, ávextir	21. Súpa, brauð, ávextir
24. Fiskur í ofni, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	25. Kjötsúpa	26. Pasta, sósur, salatbar	27. Soðinn fiskur, karköflur, rófur, ávextir	28. Nautasneiðar, steiktar kartöflur, grænmeti, sósa
31. Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir				